1) Í samræmi við ákvæði laga Bandaríkjanna og takmarkana samkvæmt þeim (eins og þeim kann að verða breytt á hverjum tíma, án þess að grundvallarreglum sé breytt) skulu Bandaríkin heimila ríkisborgara eða aðila, heimilisföstum í Bandaríkjunum, sem frádrátt frá sköttum í Bandaríkjunum fjárhæð, sem samsvarar íslenskum sköttum, og sé um að ræða félag í Bandaríkjunum, sem á að minnsta kosti 10% af atkvæðamaðni íslensks félags og fær frá því ágóðahluta á einhverju skattári, skal leyfa frádrátt, sem samsvarar þeirri fjárhæð íslenskra skatta, sem greiddir eru af íslenska félaginu, er ágóðahlutina greiðir, af hagnaði þeim, sem ágóðahluturinn er greiddur af. Slík samsvarandi fjárhæð skal byggð á fjárhæð skatta, greiddra á Íslandi, en frádrátturinn má ekki fara fram úr þeim takmörkunum (settum til takmörkunar frádráttar á bandarískum sköttum af tekjum, sem eiga uppruna sinn á Íslandi, eða af tekjum, sem eiga uppruna sinn utan Bandaríkjanna), sem ákveðnar eru í lögum Bandaríkjanna fyrir skattárið. Við ákvörðun á frádrætti í Bandaríkjunum

any provision of this Convention. However, an Icelandic corporation shall be exempt from the United States personal holding company tax in any taxable year if all of its stock is owned, directly or indirectly, by one or more individuals who are residents of Iceland (and not citizens of the United States) for that entire year. An Icelandic corporation shall be exempt from the United States accumulated earnings tax in any taxable year unless such corporation is engaged in trade or business in the United States through a permanent establishment at any time during such year.

6) The competent authorities of the two Contracting States may each prescribe regulation necessary to carry out the provisions of this Convention.

Article 5

Relief from double taxation

Double taxation of income shall be avoided in the following manner:

1) In accordance with the provisions and subject to the limitations of the law of the United States (as it may be amended from time to time without changing the principles hereof), the United States shall allow to a citizen or resident of the United States as a credit against the United States tax the appropriate amount of Icelandic tax, and in the case of a United States corporation owning at least 10 percent of the voting power of an Icelandic corporation from which it receives dividends in any taxable year, shall allow credit for the appropriate amount of Icelandic tax paid by the Icelandic corporation paying such dividends with respect to the profits out of which such dividends are paid. Such appropriate amount shall be based upon the amount of tax paid to Iceland, but the credit shall not exceed the limitations (for the purpose of limiting the credit to the United States tax on income from sources within Iceland or on income from sources outside of the United States) provided by United States law for the taxable year. For the purpose of applying

um vegna skatta, greiddra á Íslandi, skulu reglur þær, sem fram koma í 6. gr. (Uppruni tekna), notaðar til að ákvarða, hvar sé uppruni teknanna. Til þess að ákvarða frádrátt í Bandaríkjunum vegna skatta, greiddra á Íslandi, skulu skattar þeir, sem um er rætt í 1. gr. 1) a) (Skattar, sem samningurinn tekur til), aðrir en eignarskattur til ríkisins, taldir tekju-skattar.

2) Að því er varðar tekjur, sem eiga uppruna sinn í Bandaríkjunum, skal lausn undan tvísköttun á Íslandi tryggð á eftirfarandi hátt:

- a) Þegar aðili, heimilisfastur á Íslandi, fær tekjur eða á eignir, sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa má skattleggja í Bandaríkjunum eða má skattleggja í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 16. gr. (Ágóði af eignum), 18. gr. (Sjálfstæð starfsemi) eða 19. gr. (Launuð störf) eða er undanþeginn skatti í Bandaríkjunum samkvæmt 21. gr. (Kennarar) eða 22. gr. (Námsmenn og nemar), skal Ísland, ef það brýtur ekki í bága við b) lið þessa töluliðar, undanþegja þessar tekjur eða eignir skattlagningu, en má, þegar reiknaður er skattur af öðrum tekjum eða eignum þessa aðila, nota þann skattstiga, sem notaður hefði verið, ef undanþegnu tekjurnar eða eignirnar hefðu ekki verið þannig undanþegar.
- b) Í öðrum tilvikum en þeim, er um ræðir í a) lið, skal Ísland, þegar aðili, heimilisfastur á Íslandi, hefur tekjur, sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa má skattleggja í báðum aðildarríkjunum, leyfa sem frádrátt frá skatti af tekjum þessa aðila fjárhæð jafna skatti þeim, sem greiddur er í Bandaríkjunum. Slíkur frádráttur skal þó ekki nema hærri fjárhæð en þeim hluta íslenska skattsins, reiknaðs áður en frádráttur er gerður, sem svarar til þeirra tekna, sem uppruna sinn áttu í Bandaríkjunum samkvæmt skilgreiningu 6. gr. (Uppruni tekna).

the United States credit in relation to taxes paid to Iceland, the rules set forth in Article 6 (Source of Income) shall be applied to determine the source of income. For purposes of applying the United States credit in relation to the taxes paid to Iceland, the taxes referred to in paragraph 1) b) of Article 1 (Taxes Covered) other than the national capital tax shall be considered to be income taxes.

2) In the case of income derived from sources in the United States, relief from double taxation shall be granted in Iceland in the following manner:

- a) Where a resident of Iceland derives income or owns property which, in accordance with the provisions of this Convention may be taxed in the United States or may be taxed in both Contracting States according to Article 16 (Capital Gains), 18 (Independent Personal Services), or 19 (Dependent Personal Services), or is exempt from United States tax under Article 21 (Teachers) or Article 22 (Students and Trainees), Iceland shall, subject to the provisions of subparagraph b) of this paragraph, exempt such income or property from tax but may, in calculating tax on the remaining income or property of that resident, apply the rate of tax which would have been applicable if the exempted income or property had not been so exempted.
- b) Except as provided in subparagraph a), where a resident of Iceland derives income which, in accordance with the provisions of this Convention may be taxed in both Contracting States, Iceland shall allow as a credit against the tax on the income of that resident an amount equal to the tax paid in the United States. Such credit shall not, however, exceed that part of the Icelandic tax, as computed before the credit is given, which is attributable to the income derived from sources in the United States as determined under the rules set forth in Article 6 (Source of Income).

6. gr.
Uppruni tekna.

Í samningi þessum gildir eftirfarandi:

1) Ágóðahluti skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að þeir séu greiddir af félagi í því aðildarríki.

2) Vexti skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að þeir séu greiddir af því aðildarríki, opinberri stofnun eða sveitarfélagi þess eða af aðila, heimilisföstum í því aðildarríki. Þrátt fyrir þetta ákvæði skal talið, að vextirnir hafi uppruna sinn í því ríki, þar sem fasta atvinnustöðin er:

- a) Ef aðili, sem greiðir vextina (hvort sem sá aðili er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu eða ekki), hefur fasta atvinnustöð í öðru aðildarríkinu og til skuldakröfunnar, sem vextirnir eru greiddir af, var stofnað vegna hinnar föstu atvinnustöðvar og vextirnir eru greiðslubyrði hennar, eða
- b) Ef aðili, sem greiðir vextina, er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu og hefur fasta atvinnustöð í ríki, öðru heldur en aðildarríki, og til skuldakröfunnar, sem vextir eru greiddir af, var stofnað vegna hinnar föstu atvinnustöðvar og vextirnir eru greiddir til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, og eru greiðslubyrði hinnar föstu atvinnustöðvar.

3) Þóknanir, sem um er rætt í 2) tl. 14. gr. (Þóknanir), fyrir notkun á eða rétt til að nota eignir eða réttindi, sem um er rætt í þeim tölulíð, skal aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að því marki, sem þóknanir þessar eru fyrir notkun á eða rétt til að nota eignir eða réttindi þessi í því aðildarríki.

4) Tekjur af fasteignum og þóknanir fyrir hagnýtingu náma, grjótnáma eða annarra náttúruauðæfa (þar með talinn hagnaður af sölu eigna eða réttinda

Article 6
Source of income

For purposes of this Convention:

1) Dividends shall be treated as income from sources within a Contracting State only if paid by a corporation of that Contracting State.

2) Interest shall be treated as income from sources within a Contracting State only if paid by such Contracting State, a political subdivision or a local authority thereof, or by a resident of that Contracting State. Notwithstanding the preceding sentence:

- a) If the person paying the interest (whether or not such person is a resident of one of the Contracting States) has a permanent establishment in one of the Contracting States in connection with which the indebtedness on which the interest is paid was incurred and such interest is borne by such permanent establishment, or
- b) If the person paying the interest is a resident of one of the Contracting States and has a permanent establishment in a State other than a Contracting State in connection with which the indebtedness on which the interest is paid was incurred and such interest is paid to a resident of the other Contracting State, and such interest is borne by such permanent establishment.

Such interest shall be deemed to be from sources within the State in which the permanent establishment is situated.

3) Royalties described in paragraph 2) of Article 14 (Royalties) for the use of, or the right to use, property or rights described in such paragraph shall be treated as income from sources within a Contracting State only to the extent that such royalties are for the use of, or the right to use, such property or rights within that Contracting State.

4) Income from real property and royalties from the operation of mines, quarries, or other natural resources (including gains derived from the sale of

þeirra, sem þóknanirnar stafa frá) skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að eignin sé í því aðildarríki.

5) Tekjur af lausaffjárleigu skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að eignirnar séu í því aðildarríki.

6) Tekjur, sem maður fær vegna vinnu sinnar eða starfa, hvort heldur sem launþegi eða vegna sjálfstæðs starfs, skal með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, aðeins að því marki, sem starfið er leyst af hendi í því aðildarríki. Tekjur af starfi, sem innt er af hendi um borð í skipi eða loftfari, sem er rekið af aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, í alþjóðlegum flutningum eða við fiskiveiðar á úthöfunum, skal með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í því aðildarríki, ef starfið er innt af hendi af manni, sem tilheyrir hinni föstu áhöfn skips eða loftfars. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessa töluliðar, skulu greiðslur þær, sem lýst er í 23. gr. (Opinbert starf) og 25. gr. (Greiðslur almannaþrygginga), því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að þær séu greiddar af eða úr opinberum sjóðum þess aðildarríkis eða opinberri stofnun eða sveitarstjórn þess.

7) Tekjur af kaupum og sölu á efnisbundnu eða óefnisbundnu lausafé (aðrar en hagnaður, sem skilgreindur er sem þóknanir í 2) tl. b) 14. gr. (Þóknanir)), skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að eignirnar séu seldar í því aðildarríki.

8) Þrátt fyrir ákvæði 1) til 7) tl., skal viðskiptahagnað, sem móttekinn er af aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, og sem tilheyrir fastri atvinnustöð, sem þessi aðili hefur í hinu aðildarríkinu, með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í síðarnefnda aðildarríkinu. Sama gildir um tekjur af fasteignum og náttúruauðæfum, svo og um ágóðahluti, vexti,

such property or the right giving rise to such royalties) shall be treated as income from sources within a Contracting State only if such property is situated in that Contracting State.

5) Income from the rental of tangible personal (movable) property shall be treated as income from sources within a Contracting State only if such property is situated in that Contracting State.

6) Income received by an individual for his performance of labor or personal services, whether as an employee or in an independent capacity, shall be treated as income from sources within a Contracting State only to the extent that such services are performed in that Contracting State. Income from personal services performed aboard ships or aircraft operated by a resident of one of the Contracting States in international traffic, or in fishing on the high seas, shall be treated as income from sources within that Contracting State if rendered by a member of the regular complement of the ship or aircraft. Notwithstanding the preceding provisions of this paragraph, remuneration described in Article 23 (Governmental Functions) and payments described in Article 25 (Social Security Payments) shall be treated as income from sources within a Contracting State only if paid by or from the public funds of that Contracting State or a political subdivision or local authority thereof.

7) Income from the purchase and sale of intangible or tangible personal (including movable) property (other than gains defined as royalties by paragraph 2) b) of Article 14 (Royalties)) shall be treated as income from sources within a Contracting State only if such property is sold in that Contracting State.

8) Notwithstanding paragraphs 1) through 7), industrial or commercial profits which are attributable to a permanent establishment which the recipient, a resident of one of the Contracting States, has in the other Contracting State, including income derived from real property and natural resources and dividends, interest, royalties (as defined in

þóknanir (eins og þær eru skilgreindar í 2) tl. 14. gr. (Þóknanir)) og ágóða af eignum, en þó því aðeins, að eign sú eða réttindi, sem gefa af sér þessar tekjur, ágóðahluti, vexti, þóknanir eða ágóða af eignum, sé raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð.

9) Uppruna annarra tekna, sem 1) til 8) tl. hér að framan taka ekki til, skal hvort aðildarríkjanna um sig ákveða í samræmi við sína eigin löggjöf. Þrátt fyrir það, sem að framan segir, geta bær stjórnvöld í aðildarríkjunum myndað sameiginlega skilgreiningu á uppruna tekna við heitingu ákvæða samnings þessa til þess að koma í veg fyrir tvísköttun eða til að stuðla að heitingu ákvæða samnings þessa á annan hátt, ef uppruni einhverra tekna er annar samkvæmt löggjöf annars aðildarríkisins heldur en uppruni slíkra tekna samkvæmt löggjöf hins aðildarríkisins, eða ef uppruni slíkra tekna er ekki augljós samkvæmt löggjöf annars hvors aðildarríkisins.

7. gr. Jafnrétti.

1) Ríkisborgari í öðru aðildarríkinu, sem er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu, skal ekki vera háður í því aðildarríki þyngri skattlagningu en ríkisborgari þess aðildarríkis, sem er heimilisfastur þar.

2) Föst atvinnustöð, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur í hinu aðildarríkinu, skal í því aðildarríki ekki vera háð þyngri skattlagningu heldur en aðili, heimilisfastur þar, sem hefur með höndum sams konar starfsemi. Þetta ákvæði skal þó ekki skýra þannig, að það skuldbindi aðildarríki til að veita manni, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, nokkurn fjölskyldufrádrátt, ívilnanir eða lækkun skatta vegna hjúskaparstéttar eða fjölskylduframsærslu, sem það veitir mönnum, sem þar eru heimilisfastir.

paragraph 2) of Article 14 (Royalties)), and capital gains, but only if the property or rights giving rise to such income, dividends, interest, royalties, or capital gains are effectively connected with such permanent establishment, shall be treated as income from sources within that other Contracting State.

9) The source of any item of income to which paragraphs 1) through 8) are not applicable shall be determined by each of the Contracting States in accordance with its own law. Notwithstanding the preceding sentence, if the source of any item of income under the laws of one Contracting State is different from the source of such item of income under the laws of the other Contracting State or if the source of such income is not readily determinable under the laws of one of the Contracting States, the competent authorities of the Contracting States may, in order to prevent double taxation or further any other purpose of this Convention, establish a common source of the item of income for purposes of this Convention.

Article 7 Nondiscrimination

1) A citizen of one of the Contracting States who is a resident of the other Contracting State shall not be subjected in that other Contracting State to more burdensome taxes than a citizen of that other Contracting State who is a resident thereof.

2) A permanent establishment which a resident of one of the Contracting States has in the other Contracting State shall not be subject in that other Contracting State to more burdensome taxes than a resident of that other Contracting State carrying on the same activities. This paragraph shall not be construed as obliging a Contracting State to grant to individual residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs, or deductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own individual residents.

3) Þótt fjármagn félags í öðru aðildarríkinu sé að öllu leyti eða að hluta eign eða stjórnað, beint eða óbeint, af einum eða fleiri aðilum, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, skal það í fyrrnefnda aðildarríkinu ekki vera háð nokkurri skattlagningu eða skyldum í því sambandi, sem er önnur eða þyngri en skattlagning og skyldur í því sambandi, sem félag í fyrrnefnda aðildarríkinu er eða gæti orðið háð vegna sams konar starfsemi, enda sé fjármagn þess að öllu leyti eign eða stjórnað af einum eða fleiri aðilum, heimilisföstum í fyrrnefnda aðildarríkinu.

4) Ákvæði 2) tl. skal ekki skýra þannig, að þau hindri Ísland í að skattleggja heildarhagnað, sem tilheyrir fastri atvinnustöð, sem félag, heimilisfast í Bandaríkjunum, hefur á Íslandi. Fjárhæð slíks skatts skal samt sem áður ekki vera hærri en sá skattur, sem mundi verða lagður á íslenskt félag, sem hefði sama hagnað og sem úthlutaði til hluthafa sinna sama hundraðshluta af hagnaði sínum eins og félagið í Bandaríkjunum, sem hefur hina föstu atvinnustöð, úthlutaði hluthöfum af heildarhagnaði sínum.

8. gr.

Hagnaður af viðskiptum.

1) Viðskiptahagnaður aðila, sem heimilisfastur er í öðru aðildarríkinu, skal undanþeginn skatti í hinu aðildarríkinu, nema slíkur aðili reki viðskipti í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef aðilinn rekur slík viðskipti, má síðarnefnda aðildarríkið leggja skatt á viðskiptahagnað hans, en aðeins að svo miklu leyti, sem hagnaðurinn tilheyrir hinni föstu atvinnustöð.

2) Þegar aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, rekur viðskipti í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar,

3) A corporation of one of the Contracting States, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which a corporation of the first-mentioned Contracting State carrying on the same activities, the capital of which is wholly owned or controlled by one or more residents of the first-mentioned Contracting State, is or may be subjected.

4) The provisions of paragraph 2) shall not be construed as preventing Iceland from taxing the total profits attributable to a permanent establishment which is maintained in Iceland by a United States corporation. However, the amount of such tax shall not exceed the tax that would be imposed on an Icelandic corporation earning such profits that distributed to its shareholders the same percentage of its profits as such United States corporation maintaining such permanent establishment distributed to its shareholders from its total profits.

Article 8

Business profits

1) Industrial or commercial profits of a resident of one of the Contracting States shall be exempt from tax by the other Contracting State unless such resident is engaged in industrial or commercial activity in that other Contracting State through a permanent establishment situated therein. If such resident is so engaged, tax may be imposed by that other Contracting State on the industrial or commercial profits of such resident but only on so much of such profits as are attributable to the permanent establishment.

2) Where a resident of one of the Contracting States is engaged in industrial or commercial activity in the other Con-

skal hvort aðildarríkið um sig telja föstu atvinnustöðinni til tekna þann viðskiptahagnað, sem tilheyrir myndi slíkri fastri atvinnustöð, ef hún væri sjálfstæð stofnun, sem fengist við sams konar eða svipaða starfsemi undir sams konar eða svipuðum skilyrðum, og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við þann aðila, sem rekur hina föstu atvinnustöð.

3) Við ákvörðun viðskiptahagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt þau útgjöld, sem innan sanngjarnra marka eru tengd slíkum hagnaði, þar með talinn kostnaður við framkvæmdastjórn og venjulegur stjórnunarkostnaður, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki, þar sem fasta atvinnustöðin er, eða annars staðar.

4) Enginn hagnaður skal talinn tilheyrir fastri atvinnustöð, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur í hinu aðildarríkinu, eingöngu vegna vorkaupna hennar eða þess aðilja, sem hana á, fyrir eigin reikning.

5) Hugtakið „viðskipti“ tekur til hvers konar iðnrekstrar, verslunar, váttrygginga, landbúnaðar, fiskveiða eða námugraftar, rekstrar skipa og loftfara, öflunar þjónustu, lausafjárleigu og leigu eða leyfis til að nota kvikmyndir eða myndir eða segulbönd til nota við hljóðvarps- eða sjónvarpsútsendingar. Hugtakið tekur þó ekki til starfs manns, hvort sem hann lætur það í té sem launþegi eða sem sjálfstætt starf.

6) a) Hugtakið „viðskiptahagnaður“ tekur til tekna, sem stafa af viðskiptum. Hugtakið tekur einnig til tekna af fasteignum og náttúruauðæfum, ágóðahluta, vaxta, þóknana (eins og þær eru skilgreindar í 2) tl. 14. gr. (Þókn-

tracting State through a permanent establishment situated therein, there shall in each Contracting State be attributed to the permanent establishment the industrial or commercial profits which would be attributable to such permanent establishment if such permanent establishment were an independent entity engaged in the same or similar activities under the same or similar conditions and dealing wholly independently with the resident of which it is a permanent establishment.

3) In the determination of the industrial or commercial profits of a permanent establishment, there shall be allowed as deductions expenses which are reasonably connected with such profits, including executive and general administrative expenses, whether incurred in the Contracting State in which the permanent establishment is situated or elsewhere.

4) No profits shall be attributed to a permanent establishment of a resident of one of the Contracting States in the other Contracting State merely by reason of the purchase of goods or merchandise by that permanent establishment, or by the resident of which it is a permanent establishment, for the account of that resident.

5) The term “industrial or commercial activity” includes the conduct of manufacturing, mercantile, insurance, agricultural, fishing or mining activities, the operation of ships or aircraft, the furnishing of services, the rental of tangible personal property, and the rental or licensing of motion picture films or films or tapes used for radio or television broadcasting. Such term does not include the performance of personal services by an individual either as an employee or in an independent capacity.

6) a) The term “industrial or commercial profits” includes income derived from industrial or commercial activity. Such term also includes income derived from real property and natural resources and dividends, interest, royalties

anir)) og ágóða af eignum, en þó því aðeins, að eign sú eða réttindi, sem gefa af sér þessar tekjur, ágóðahluti, vexti, þóknanir eða ágóða af eignum, sé raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð, sem móttakandinn, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur í hinu aðildarríkinu, hvort sem tekjurnar stafa af viðskiptum eða ekki.

(as defined in paragraph 2) of Article 14 (Royalties)), and capital gains but only if the property or rights giving rise to such income, dividends, interest, royalties, or capital gains is effectively connected with a permanent establishment which the recipient, being a resident of one of the Contracting States, has in the other Contracting State, whether or not such income is derived from industrial or commercial activity.

- b) Við ákvörðun á því, hvort eign eða réttindi sé raunverulega bundin við fasta atvinnustöð, skal þess gætt, hvort réttindin eða eignin séu notuð í eða séu til umráða við rekstur viðskipta slíkrar fastrar atvinnustöðvar og hvort starfsemi rekin af slíkri fastri atvinnustöð hefði verið verulegt atriði í myndun tekna af slíkri eign eða réttindum. Í þessu sambandi skal þess vel gætt, hvort slík eign eða réttindi eða slíkar tekjur höfðu verið bókfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð eða ekki.

- b) To determine whether property or rights are effectively connected with a permanent establishment, the factors taken into account shall include whether the rights or property are used in or held for use in carrying on industrial or commercial activity through such permanent establishment and whether the activities carried on through such permanent establishment were a material factor in the realization of the income derived from such property or rights. For this purpose, due regard shall be given to whether or not such property or rights or such income were accounted for through such permanent establishment.

7) Þegar viðskiptahagnaður felur í sér tekjur, sem sérstaklega er fjallað um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þeirra greina, nema annað sé ákveðið þar, gilda framfar ákvæðum þessarar greinar.

7) Where industrial or commercial profits include items of income which are dealt with separately in other articles of this Convention, the provisions of those articles shall, except as otherwise provided therein, supersede the provisions of this article.

9. gr.

Föst atvinnustöð.

1) Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta atvinnustofnun, þar sem viðskipti eru rekin.

2) Hugtakið „föst atvinnustofnun“ tekur til, en takmarkast þó ekki við:

- a) Útibú;
- b) Skrifstofu;

Article 9

Permanent establishment.

1) For the purpose of this Convention, the term “permanent establishment” means a fixed place of business through which industrial or commercial activity is carried on.

2) The term “fixed place of business” includes but is not limited to:

- a) A branch;
- b) An office;

- c) Verksmiðju;
- d) Verkstæði;
- e) Vörugeymslu;
- f) Námu, grjótnámu, eða annan stað, þar sem náttúruauðæfi eru nýtt; og
- g) Athafnasvæði fyrir byggingaframkvæmdir, mannvirkjagerð eða til samsetningarvinnu, sem stendur yfir lengur en 12 mánuði.

3) Þrátt fyrir ákvæði 1) og 2) tl., tekur föst atvinnustöð ekki til fastrar atvinnustofnunar, sem er einskorðuð við notkun til eins eða fleiri eftirtalinna hluta:

- a) Til aðstöðu við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu aðila, heimilisfasts í aðildarríki;
- b) Til geymslu vörubirgða í eigu aðila, heimilisfasts í aðildarríki, sem ætlaðar eru til geymslu, sýningar eða afhendingar;
- c) Til geymslu vörubirgða í eigu aðila, heimilisfasts í aðildarríki, ætlaðar til vinnslu hjá öðrum aðila;
- d) Fastrar atvinnustofnunar, sem ætluð er til vörukaupa eða öflunar upplýsinga fyrir aðila, heimilisfastan í aðildarríki;
- e) Fastrar atvinnustofnunar, sem ætluð er til auglýsingastarfsemi, upplýsingastarfsemi, vísindarannsóknna eða svipaðrar starfsemi, sem felur í sér undirbúnings- eða aðstoðarstörf vegna aðila, heimilisfasts í aðildarríki;
- f) Athafnasvæðis fyrir byggingaframkvæmdir, mannvirkjagerð eða til samsetningarvinnu, sem stendur ekki yfir lengur en 12 mánuði.

4) Aðili, sem hefur á hendi starfsemi í öðru aðildarríkinu fyrir aðila, heimilisfastan í hinu aðildarríkinu, þó að undanskildum sjálfstæðum umboðssala samkvæmt 5) tl., skal teljast föst atvinnustöð í fyrrnefnda aðildarríkinu, ef aðilinn hefur heimild til að gera samning fyrir hönd hins aðilans í fyrrnefnda aðildarríkinu og að jafnaði beitir þessari heimild, nema heimildin sé einskorðuð

- c) A factory;
- d) A workshop;
- e) A warehouse;
- f) A mine, quarry, or other place of extraction of natural resources; and
- g) A building site or construction or installation project which exists for more than 12 months.

3) Notwithstanding paragraphs 1) and 2), a permanent establishment shall not include a fixed place of business used only for one or more of the following:

- a) The use of facilities for the purpose of storage, display, or delivery of goods or merchandise belonging to the resident;
- b) The maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the resident for the purpose of storage, display, or delivery;
- c) The maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the resident for the purpose of processing by another person;
- d) The maintenance of a fixed place of business for the purpose of purchasing goods or merchandise, or for collecting information, for the resident;
- e) The maintenance of a fixed place of business for the purpose of advertising, for the supply of information, for scientific research, or for similar activities which have a preparatory or auxiliary character, for the resident; or
- f) The maintenance of a building site or construction or installation project which does not exist for more than 12 months.

4) A person acting in one of the Contracting States on behalf of a resident of the other Contracting State, other than an agent of an independent status to whom paragraph 5) applies, shall be deemed to be a permanent establishment in the first-mentioned Contracting State if such person has, and habitually exercises in the first-mentioned Contracting State, an authority to conclude contracts

við vörukaup fyrir aðilann, sem er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu.

5) Aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, telst ekki hafa fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, þótt hann reki viðskipti í hinu aðildarríkinu fyrir milli-göngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem slíkur miðlari eða umboðsaðili kemur fram innan takmarka venjulegrar viðskiptastarfsemi sinnar.

6) Þótt aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, sé tengdur aðila (eins og það er skilgreint í 11. gr. (Tengdir aðilar)), heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, eða aðila, sem rekur viðskipti í hinu aðildarríkinu (hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt), skal ekki litið til þess við ákvörðun um, hvort heimilisfasti aðilinn í fyrrnefnda ríkinu hafi fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu.

7) Efni ákvæða 1) til 6) tl. skal beitt við ákvörðun þess, hvort um sé að ræða fasta atvinnustöð í ríki, öðru heldur en í öðru hvoru aðildarríkjanna, eða hvort aðili, annar heldur en aðili, heimilisfastur í öðru hvoru aðildarríkinu, hafi fasta atvinnustöð í öðru hvoru aðildarríkinu.

10. gr.

Siglingar og loftferðir.

1) Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. (Hagnaður af viðskiptum), skulu tekjur, sem aðili, heimilisfastur í Bandaríkjunum, hefur af rekstri skipa og loftfara, skráðra í Bandaríkjunum, í alþjóðlegum flutningum, undanþegnar skatti á Íslandi.

2) Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. (Hagnaður af viðskiptum), skulu tekjur, sem aðili, heimilisfastur á Íslandi, hefur af rekstri skipa og loftfara í alþjóðlegum

in the name of that resident, unless the exercise of such authority is limited to the purchase of goods or merchandise for that resident.

5) A resident of one of the Contracting States shall not be deemed to have a permanent establishment in the other Contracting State merely because such resident engages in industrial or commercial activity in that other Contracting State through a broker, general commission agent, or any other agent of an independent status, where such broker or agent is acting in the ordinary course of his business.

6) The fact that a resident of one of the Contracting States is a related person (as defined in Article 11 (Related Persons)) with respect to a resident of the other Contracting State or with respect to a person who engages in industrial or commercial activity in that other Contracting State (whether through a permanent establishment or otherwise) shall not be taken into account in determining whether that resident of the first-mentioned Contracting State has a permanent establishment in that other Contracting State.

7) The principles set forth in paragraphs 1) through 6) shall be applied in determining whether there is a permanent establishment in a State other than one of the Contracting States or whether a person other than a resident of one of the Contracting States has a permanent establishment in one of the Contracting States.

Article 10

Shipping and air transport

1) Notwithstanding Article 8 (Business Profits), income which a resident of the United States derives from the operation in international traffic of ships or aircraft registered in the United States shall be exempt from tax by Iceland.

2) Notwithstanding Article 8 (Business Profits), income which a resident of Iceland derives from the operation in international traffic of ships or aircraft

flutningum, undanþegnar skatti í Bandaríkjunum.

3) Innan ákvæða þessarar greinar skal eftirfarandi teljast sem tekjur af rekstri skipa og loftfara í alþjóðlegum flutningum:

- a) Tekjur, sem aflað er af innlendum eða alþjóðlegum farmflytjanda af leigu á skipum eða loftförum, hvort sem leigt er án áhafnar (bareboat) eða með venjulegri skips- eða loftfarsleigu (charter basis), ef slík leiga er ekki verulegur þáttur í rekstri hans sem farmflytjanda; og
- b) Tekjur, sem aflað er fyrir notkun eða leigu á:
 - i) Gámum,
 - ii) Tengivögnum til að flytja gáma á innanlands og
 - iii) Öðrum skyldum útbúnaði, ef slíkar tekjur eru ekki verulegar miðað við aðrar tekjur, sem lýst er í 1) tl.

11. gr.

Tengdir aðilar.

1) Þegar aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, er tengdur einhverjum öðrum aðila, og þeir semja eða ákveða skilmála innbyrðis, sem eru frábrugðnir þeim, sem vera myndu milli óháðra aðila, má við útreikning skattskyldra tekna (eða taps) og skatta, sem slíkum aðila ber að greiða, taka tillit til allra þeirra tekna, frádráttu, skattlækkana eða ívilnana, sem án slíkra samninga eða skilmála hefði verið litið til.

2) Aðili er tengdur öðrum aðila, ef annar hvor aðillinn á eða ræður yfir hinum beint eða óbeint eða, ef þriðji aðili eða aðilar eiga eða ráða yfir þeim báðum beint eða óbeint. Í þessu sambandi tekur hugtakið „yfirráð“ til hvers konar yfirráða, hvort sem þau njóta réttarverndar eða ekki og hvernig sem þau eru framkvæmd eða framkvæmanleg.

shall be exempt from tax by the United States.

3) For the purposes of this article, income derived from the operation in international traffic of ships or aircraft includes:

- a) Income derived by a domestic or international carrier from the lease of ships or aircraft either on a bareboat or full charter basis if such lease is incidental to its business as a carrier; and
- b) Income derived from the use and lease of:
 - i) Containers,
 - ii) Trailers for the inland transport of containers, and
 - iii) Other related equipment, if such income is incidental to other income described in paragraph 1).

Article 11

Related persons

1) Where a resident of one of the Contracting States and any other person are related and where such related persons make arrangements or impose conditions between themselves which are different from those which would be made between independent persons, any income, deductions, credits, or allowances which would, but for those arrangements or conditions, have been taken into account in computing the income (or loss) of, or the tax payable by, one of such persons, may be taken into account in computing the amount of the income subject to tax and the taxes payable by such person.

2) A person is related to another person if either person owns or controls directly or indirectly the other, or if any third person or persons own or control directly or indirectly both. For this purpose, the term "control" includes any kind of control, whether or not legally enforceable, and however exercised or exercisable.

12. gr.
Ágóðahlutir.

Article 12
Dividends

1) Ágóðahluti, er eiga uppruna sinn innan annars aðildarríkisins, en renna til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í báðum aðildarríkj-unum.

2) Skattstigi sá, sem annað aðildarríkið beitir við skattlagningu ágóðahluta, er eiga uppruna sinn í því aðildarríki, en renna til heimilisfasts aðila í hinu aðildarríkinu, skal þó ekki vera hærri en:

- a) 15% af þeirri vergri fjárhæð, sem raunverulega er úthlutað; eða
- b) Þegar móttakandinn er félag, 5% af þeirri vergri fjárhæð, sem raunverulega er úthlutað, ef:
 - i) Að minnsta kosti 10% af úti-standandi atkvæðisbærum hlutum þess félags, sem ágóðahlutina greiðir, voru í eigu þess félags, sem ágóðahlutina fékk, þann hluta skattárs greiðslufélagsins, sem liðinn er fram að greiðsludegi ágóðahlutanna, og jafnframt í eigu þess allt næstliðið skattár (ef svo bar til), og
 - ii) Ekki meira en 25% af vergum tekjum greiðslufélagsins á slíku næstliðnu skattári (ef svo bar til) eru vextir eða ágóðahlutir (aðrir en vextir, sem aflað er af banka-, váttrygginga- eða fjármögnunarstarfsemi, ásamt ágóðahlutum eða vöxtum, mótteknum frá dótturfélögum, ef útistandandi atkvæðisbærir hlutir þeirra eru að hálfu eða meira í eigu greiðslufélagsins á þeim tíma, sem ágóðahlutirnir eða vextirnir voru móttæknir).

3) Ákvæði 2) tl. skulu ekki gilda, ef móttakandi ágóðahlutanna er aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, en hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og hlutirnir, sem ágóðahlutirnir eru greiddir af, eru raunverulega bundnir við hina

1) Dividends derived from sources within one of the Contracting States by a resident of the other Contracting State may be taxed by both Contracting States.

2) The rate of tax imposed by one of the Contracting States on dividends derived from sources within that Contracting State by a resident of the other Contracting State shall not exceed:

- a) 15 percent of the gross amount actually distributed; or
- b) When the recipient is a corporation, 5 percent of the gross amount actually distributed if-
 - i) During the part of the paying corporation's taxable year which precedes the date of payment of the dividend and during the whole of its prior taxable year (if any), at least 10 percent of the outstanding shares of the voting stock of the paying corporation was owned by the recipient corporation, and
 - ii) Not more than 25 percent of the gross income of the paying corporation for such prior taxable year (if any) consists of interest or dividends (other than interest derived from the conduct of a banking, insurance, or financing business and dividends or interest received from subsidiary corporation, 50 percent or more of the outstanding shares of the voting stock of which is owned by the paying corporation at the time such dividends or interest is received).

3) Paragraph 2) shall not apply if the recipient of the dividends, being a resident of one of the Contracting States, has a permanent establishment in the other Contracting State and the shares with respect to which the dividends are

föstu atvinnustöð. Í því tilviki vísast til 8. gr. 6) tl. a) (Hagnaður af viðskiptum).

4) Ágóðahlutir, sem félag, heimilisfast í öðru aðildarríkinu, greiðir aðila, öðrum en aðila, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu (og að því er varðar ágóðahluti greidda af íslensku félagi til aðila, annars en ríkisborgara Bandaríkjanna), skulu vera undanþegnir skatti í hinu aðildarríkinu. Þetta ákvæði gildir þó ekki, ef móttakandi ágóðahlutanna hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og hlutirnir, sem ágóðahlutirnir eru greiddir af, eru raunverulega bundnir við slíka fasta atvinnustöð.

13. gr. Vextir.

1) Vextir, er eiga uppruna sinn innan annars aðildarríkisins, en renna til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, skulu undanþegnir skatti í fyrrnefnda aðildarríkinu.

2) Ákvæði 1) tl. skulu ekki gilda, ef móttakandi vaxtanna er aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, en hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og skuldakrafan, sem gefur af sér vextina, er raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð. Í því tilviki vísast til 8. gr. 6) tl. a) (Hagnaður af viðskiptum).

3) Þegar vextir, sem aðili greiðir til annars aðila, sem honum er tengdur, eru hærri en sú fjárhæð, sem hefði verið greidd ótengdum aðila, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um þann hluta vaxtanna, sem er jafn þeim, sem hefði verið greiddur ótengdum aðila. Í slíkum tilvikum má skattleggja þá greiðslu, sem fram yfir er, í hvoru aðildarríkinu um sig samkvæmt löggjöf þess að meðtöldum ákvæðum samnings þessa, þar sem þau eiga við.

4) Hugtakið „vextir“ í samningi þessum merkir tekjur af veðskuldabréfum, skuldabréfum, ríkisskuldabréfum, skuldaviðurkenningum eða öðrum skuld-

paid are effectively connected with such permanent establishment. In such a case, see paragraph 6) a) of Article 8 (Business Profits).

4) Dividends paid by a corporation of one of the Contracting States to a person other than a resident of the other Contracting State (and in the case of dividends paid by an Icelandic corporation, to a person other than a citizen of the United States) shall be exempt from tax by the other Contracting State. This paragraph shall not apply if the recipient of the dividends has a permanent establishment in that other Contracting State and the shares with respect to which the dividends are paid are effectively connected with such permanent establishment.

Article 13 Interest

1) Interest derived from sources within one of the Contracting States by a resident of the other Contracting State shall be exempt from tax by the first-mentioned Contracting State.

2) Paragraph 1) shall not apply if the recipient of the interest, being a resident of one of the Contracting States, has a permanent establishment in the other Contracting State and the indebtedness giving rise to the interest is effectively connected with such permanent establishment. In such a case, see paragraph 6) a) of Article 8 (Business Profits).

3) Where any interest paid by a person to any related person exceeds an amount which would have been paid to an unrelated person, the provisions of this article shall apply only to so much of the interest as would have been paid to an unrelated person. In such a case the excess payment may be taxed by each Contracting State according to its own law, including the provisions of this Convention where applicable.

4) The term “interest” as used in this Convention means income from bonds, debentures, Government securities, notes, or other evidences of indebtedness,

bindingum, hvort sem þær eru tryggðar eða ekki og hvort sem þær veita rétt til hlutdeildar í hagnaði eða ekki, og hvers konar skuldakröfum, svo og til allra annarra tekna, sem jafngilda tekjum af lánuðu fé samkvæmt skattalögum þess aðildarríkis, þar sem tekjurnar eiga uppruna sinn.

5) Vextir, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, greiðir aðila öðrum en aðila, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu (og að því er varðar vexti, greidda af íslensku félagi til aðila annars en ríkisborgara í Bandaríkjunum), skulu vera undanþegnir skatti í hinu aðildarríkinu. Þetta ákvæði gildir þó ekki, ef:

- a) Með slíka vexti er farið sem tekjur, er eigi uppruna sinn í hinu aðildarríkinu samkvæmt 2) tl. 6. gr. (Uppruni tekna), eða
- b) Móttakandi vaxtanna hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, og skuldakrafan, sem gefur af sér vextina, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð.

14. gr. Þóknanir.

1) Þóknanir, er eiga uppruna sinn innan annars aðildarríkisins, en renna til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, skulu undanþegnar skatti í fyrrnefnda aðildarríkinu.

2) Hugtakið „þóknanir“ í þessari grein merkir:

- a) Sérhverja greiðslu, sem innt er af hendi sem endurgjald fyrir afnot eða rétt til hagnýtingar höfundarréttar á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu (þar með telst þó ekki höfundarréttur að kvikmyndum eða myndum eða segulböndum, sem notuð eru við hljóðvarps- eða sjónvarpsútsendingar), einkaleyfis, munsturs, líkans, áætlunar, leynilegrar framléiðsluaðferðar eða formúlu, vörumerkis eða annarra eigna eða réttinda svipaðs eðlis, eða á þekkingu, reynslu eða verkþekkingu (know-how), og

whether or not secured and whether or not carrying a right to participate in profits, and debt-claims of every kind, as well as all other income which, under the taxation law of the Contracting State in which the income has its source, is assimilated to income from money lent.

5) Interest paid by a resident of one of the Contracting States to a person other than a resident of the other Contracting State (and in the case of interest paid by an Icelandic corporation, to a person other than a citizen of the United States) shall be exempt from tax by the other Contracting State. This paragraph shall not apply if:

- a) Such interest is treated as income from sources within the other Contracting State under paragraph 2) of Article 6 (Source of Income), or
- b) The recipient of the interest has a permanent establishment in the other Contracting State and the indebtedness giving rise to the interest is effectively connected with such permanent establishment.

Article 14 Royalties

1) Royalties derived from sources within one of the Contracting States by a resident of the other Contracting State shall be exempt from tax by the first-mentioned Contracting State.

2) The term “royalties” as used in this article means:

- a) Payment of any kind made as consideration for the use of, or the right to use, copyrights of literary, artistic, or scientific works (but not including copyrights of motion picture films or films or tapes used for radio or television broadcasting), patents, designs, models, plans, secret processes or formulae, trademarks, or other like property or rights, or knowledge, experience, or skill (know-how), and

b) Ágóða af sölu, eignaskiptum eða annarri ráðstöfun á sérhverjum slíkum eignum eða réttindum að því marki, er gagngjaldið, sem innt er af hendi sem endurgjald við slíka sölu, eignaskipti eða aðra ráðstöfun, er eða getur orðið tengt framleiðni, afnotum eða ráðstöfun slíkra eigna eða réttinda.

3) Ákvæði 1) tl. skulu ekki gilda, ef móttakandi þóknunarinnar er aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, en hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og eignin eða réttindin, sem gefa af sér þóknunina, eru raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð. Í því tilvikum vísast til 8. gr. 6) tl. a) (Hagnaður af viðskiptum).

4) Þegar þóknun, sem aðili greiðir til annars aðila, sem honum er tengdur, er hærri en sú fjárhæð, sem hefði verið greidd ótengdum aðila, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um þann hluta þóknunarinnar, sem er jafn þeim, sem hefði verið greiddur ótengdum aðila. Í slíkum tilvikum má skattleggja þá greiðslu, sem fram yfir er, í hvoru aðildarríkinu um sig samkvæmt löggjöf þess, að meðtöldum ákvæðum samnings þessa, þar sem þau eiga við.

15. gr.

Tekjur af fasteignum.

